



48. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 10. júní 2014, kl. 16:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 48.fundar þriðjudaginn 10. júní 2014 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) *Bæjarráðs frá 20. maí 2014*
- b) *Fræðslunefndar frá 14. maí 2014*
- c) *Fræðslunefndar frá 28. maí 2014*
- d) *Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 3. júní 2014*

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir

- a) *Bæjarráð frá 20. maí 2014*

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson vék af fundi undir umræðum um 4. dagskrárlið fundargerðar.

Forseti bæjarstjórnar leggur til við bæjarstjórn, vegna 4. dagskrárliðar fundargerðarinnar, að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að upphæð 600.000 kr. sem fjármagnaður verði af eigin fé Blönduósbæjar. Það borið undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Forseti bæjarstjórnar leggur til við bæjarstjórn, vegna 5. dagskrárliðar fundargerðarinnar, að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að upphæð 455.000 kr. sem fjármagnaður verði af eigin fé Blönduósbæjar. Það borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Að öðrum umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

- b) *Fræðslunefndar frá 14. maí 2014*

Fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



c) Fræðslunefndar frá 28. maí 2014

Fundargerðin er í þremur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d) Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 3. júní 2014

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Í lok fundar þakkaði Ágúst Þór fundarmönnum samstarfið síðastliðin ár en þetta er síðasti fundur sem hann stjórnar en Ágúst Þór hefur setið í bæjarstjórn í 20 ár. Ágúst Þór óskaði nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum til hamingju og óskaði þeim alls góðs í starfi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:00.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)